



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 6. janúar 2021
SFS2020060011
198. fundur
HG/sv/sp

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um sameiningu grunnskóla í norðanverðum Grafarvogi

Á fundi borgarráðs, 28. maí 2020, lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

1. *Er ekki eðlilegt að vegna stöðu mála og Covid19, að seinka sameiningu skóla a.m.k. um eitt ár?*
2. *Er búið að útfæra samgöngubæturnar milli Staðahverfis og Engjahverfis?*
3. *Verða slíkar samgöngubætur tilbúnar þegar skólarnir sameinast?*
4. *Hvenær er von á frekari upplýsingum um hverjir verða kennarar á hverjum stað?*
5. *Ef Hjallastefnan er áhugasöm um að opna skóla í húsnaði Korpuskóla, mun skóla- og frístundaráð styðja frekari athugun á slíku fyrirkomulagi?*
6. *Hvað þarf að gerast til að Hjallastefnan geti opnað skóla í hverfinu?*
7. *Er búið að ráðstafa húsnaðinu nú þegar?*

Svar:

1. *Er ekki eðlilegt að vegna stöðu mála og Covid-19, að seinka sameiningu skóla a.m.k. um eitt ár?*

Skólastarf er þegar hafið í þremur skólum í norðanverðum Grafarvogi, í Borgaskóla, Engjaskóla og Víkurskóla. Þá hefur félagsmiðstöðin Vígyn hafið störf í Víkurskóla og einnig frístundaheimilin Brosbær í Engjaskóla og Hvergiland í Borgaskóla. Allir skólarnir og frístundastarfsemin starfa í samræmi við skipulag skóla- og frístundastarfs á tímum Covid-19 og samkvæmt þeim reglum sóttvarnalæknis, heilbrigðisráðherra og almannavarna sem gilda á hverjum tíma.

2. *Er búið að útfæra samgöngubæturnar milli Staðahverfis og Engjahverfis?*

Á fundi yfirhóps um breytingar á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi þann 27. nóvember 2020 var farið yfir stöðu framkvæmda á samgönguumbótum. Beðið er nokkurra lampa vegna lýsingar við gangbrautir sem verða komnir í síðasta lagi í janúar. Umferðarljós á Mosavegi eru komin upp og orðin virk og hefur verktaki þá lokið nánast öllum þeim samgöngubótum sem átti að framkvæma í vetur. Lögð hefur verið áhersla á að bregðast við ábendingum foreldra og annarra hagsmunaaðila, s.s. um betri lýsingu á gönguleiðum,

gangbrautum og lækkun hámarkshraða á vegum. Nánari upplýsingar um þær má finna á upplýsingasíðu verkefnisins um breytingar á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi.

Á meðfylgjandi slóð má sjá þær framkvæmdir sem áætlað var að fara í vegna samgönguumbóta.

https://reykjavik.is/sites/default/files/2020-09-24-_grafarvogurnordur_umferdstadan.pdf

Þeim er nú öllum lokið nema að beðið er eftir lömpum sem gert er ráð fyrir að komi fyrir lok janúarmánaðar 2021.

3. Verða slíkar samgöngubætur tilbúnar þegar skólarnir sameinast?

Samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði urðu lítils háttar seinkanir á framkvæmdum og má sjá upplýsingar um það í kynningarglærum frá fundi íbúaráðs Grafarvogs 24. september 2020 og vísað er í fundargerð yfirhóps um breytingar á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi frá 27. nóvember 2020.

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/2020-09-24-_grafarvogurnordur_umferdstadan.pdf

4. Hvenær er von á frekari upplýsingum um hverjir verða kennarar á hverjum stað?

Undirbúningur við skóla- og frístundastarf í nýjum einingum hófst sl. vetur þegar ráðnir höfðu verið stjórnendur við allar einingar. Formlega hófu skólastjórnendur störf 1. ágúst 2020 og í aðdraganda að upphafi skólastarfs var öll upplýsingagjöf um innra skipulag skólanna þar með talið ráðningar kennara í höndum hvers skóla. Ráðningum var að mestu lokið um miðjan ágúst og er lokið nú.

5. Ef Hjallastefnan er áhugasöm um að opna skóla í húsnæði Korpuskóla, mun skóla- og frístundaráð styðja frekari athugun á slíku fyrirkomulagi?

Meirihluti skóla- og frístundaráðs lýsti þeim vilja sínum þann 12. nóvember 2019 að leitað yrði leiða til að húsnæði Korpuskóla gæti nýst áfram fyrir skólastarf enda byggingin sérhannað skólahúsnæði. Það er svo á hendi eignaskrifstofu fjármála- og áhættustýringarsviðs að ráðstafa húsnæði Korpuskóla.

6. Hvað þarf að gerast til að Hjallastefnan geti opnað skóla í hverfinu?

Að samningar náist milli Reykjavíkurborgar og Hjalla um ráðstöfun Korpuskóla til Hjalla en leyfi til að setja á fót nýjan skóla í hverfinu er síðan háð samþykki skóla- og frístundaráðs og borgarráðs.

7. Er búið að ráðstafa húsnæðinu nú þegar?

Ráðstöfun húsnæðis Korpuskóla er á hendi eignaskrifstofu fjármála- og áhættustýringarsviðs og samkvæmt nýjustu upplýsingum þaðan hefur húsnæðið verið í skammtímaleigu undanfarna mánuði til Slökkviliðsins m.a. í tenglum við viðbúnað vegna COVID-19 faraldursins. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um langtíma útleigu húsnæðinu.